

**Nd.**

**167. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verðtoll.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Nefndin hefir nú athugað frumvarp það um verðtoll, sem henni var falið til athugunar, og hefir hún komist að þeirri niðurstöðu, að eigi sje ráðlegt að byggja tollöggjöf vora á þeim grundvelli, að taka ákveðið hundraðsgjald af innkaupsverði aðfluttrar vöru samkvæmt innkaupareikningum.

Þar sem nefndin er sammála um að ráða hinni háttvirtu deild frá, að aðhyllast þennan grundvöll fyrir tollöggjöf hjer á landi, en að hún hinsvegar hefir fallist á tillögur stjórnarinnar um að framlengja vörutollslögin, þá vill hún nota tækifærið til þess að segja stuttlega álit sitt um þær toll- og skattamálastefnur, sem umræður hafa orðið um í Neðri deild.

En stefnurnar eru:

1. Beinir skattar.
2. Verðtollur
3. Vörutollur.

Þegar er að ræða um tollmál eða skattamál, verður löggjöfin einkum að hafa þetta fyrir augum:

1. að tollar þeir og skattar, sem lagðir eru á þjóðina komi áreiðanlega í landssjóð, eins og löggjöfin ætlast til, svo að tekjurnar sjeu tryggar og að siðspilling geti ekki af tollögunum stafað.
2. að eigi kosti það landið of mikið fjá, að fá þessa tryggingu fyrir því, að tollarnir komi óskertir í landssjóð.
3. að erfiðismunirnir við innheimtuna standi í eðlilegu hlutfalli við upphæð þá, sem á að innheimta og
4. að tollar og skattar komi sæmilega rjettlátlega niður, að svo miklu leyti, sem löggjöfin getur viðráðið.

Þessu takmarki vilja allir ná, er við tollmál fást, og þessu takmarki ná að miklu leyti stóru löndin umhverfis oss, sem hafa ráð á því, að hafa örugga tollgæslu á hverjum stað, þar sem skip kemur, sem grannskoðar allan farminn. En þó allir, sem um tollmál tala eða skrifa, vilji ná þessu takmarki, þá eru skoðanir þeirra mjög mismunandi, og hættir mönnum til, þeim sem eigi hafa umgengist almenn viðskifti í landinu, þó lærðir sjeu í öðrum greinum, að byggja skoðanir sínar á slíkum málum á útlendum höfundum, eða við það, sem reynslan hefir sýnt að best á við í öðrum löndum, þar som tollgæslan er fullkomin. Þeim hættir við að gleyma því, að hjer á landi má telja að engin tollgæsla sje til.

Það liggur því í augum uppi, að Íslendingar verða að velja sjer þá toll-

*álaga aðferð, sem tryggir best, að tollarnir komi í landssjóð sem minst skertir, þó landið hafi svo sem enga tollgæslu.*

Þó alls eigi sje rjett að loka augunum fyrir því, hvað gott þykir annarsstaðar í tollmálum eða öðru, þá verður þó altaf niðurstaðan hjá þeim, sem þekkja kringumstæðurnar hjer, að rannsaka sem grandgæfilegast, hvað best geti átt við *í þessu landi*, er vjer búum á, þegar tekið er tillit til allra kringumstæðna. En þá má auðvitað ekki gleyma því *hvað landið er fáment* í samamburði við *landstærðina*, og hvað efnahagurinn er yfirleitt þröngur, þó afkoman sje eftir öllum vonum.

### Beinir skattar.

Þeir sem halda fram beinum sköttum, sem aðallega mundi verða fasteignaskattur, því aðrir beinir skattar mundu verða mjög svo óábyggilegir og kostnaðarsamir, bera einkum tvent fyrir sig.

1. að núverandi tollar komi órjettlátlega niður, og
2. að þjóðin verði að greiða þá alt að því tvöfalda, með því að kaupmenn leggi svo mikið á tollinn.

Að sjálfsgöðu er rjett að hata það fyrir augum að skattar og tollar komi sem rjettlátast niður, en gæta verður þó að því, að leggja ekki svo mikla áherslu á það, að í bága komi við annað, sem í *fremstu röð* verður að takast til greina, svo sem *að skattarnir komi sem minst skertir í landssjóð, án mikils tilkostnaðar*, og *að skattalöggjöfin verði ekki orsök til siðspillingar í landinu*.

Og eigi hefir það verið skýrt enn þá, hvernig háir fasteignarskattar geti orðið svo álagðir, án mikils kostnaðar, að þeir komi nokkurnvegin rjettlátlega niður.

Ef tollarnir ættu aðallega að flytjast yfir á fasteignir landsins, þá sjáum vjer ekki aðra leið til þess, *án mikils kostnaðar*, en að leggja skattinn á jarðir og hús og lóðir í kaupstöðum eftir virðingarverði eignanna, *með áhvilandi veðskuldum*, eins og millipínganefndin 1907 ætlaðist til, og sem margir munu telja frágangssök, eða að *frádregnum veðskuldum*, samkvæmt nügildandi skattalöggjöf, án tillits til efnahags fasteignareigandans að öðru leyti.

Slikur hár skattur, sem verulega um munaði, hlyti að koma órjettlátlega niður, jafnvel þó síðarnefnda leiðin væri valin, það gerir, meðal annars, hvað matið á fasteignum er nú orðið óábyggilegt á móts við það sem áður var, og að fjöldi af bláfátækum mönnum eiga fasteignirnar aðeins að nafninu til, bæði hús og jarðir. Í því efni hefir Landsbankinn, að sögn skrifara nefndarinnar, fullkomna reynslu, hvefsu ónákvæm slík mót eru fyrir t. d. veðdeildina, þrátt fyrir skýr lagaákvæði um það, hvernig mat til lántöku í veðdeildinni skuli fara fram. Þessu til skýringar má nefna 2 dæmi af mörgum:

1. Samkvæmt veðdeildarlögunum útnefndi sýslumaður í sýslu einni hjer á landi 2 »óvilhalla« menn til þess að virða eina stóreignina hjer, breppstjórann og kennara hreppsins, sem alment voru álitnir vera fullkomlega til þess hæfir, að því er vitsmuni snerti. Þeir framkvæmdu virðinguna undir eiðstilboð samkvæmt veðdeildarreglugjörðinni, og var grein sú úr

reglugjörðinni, er virðingarmennirnir áttu að virða eftir, prentuð í sjálfu útnefningarskjalinu, þeim til leiðbeiningar. Þeir virtu svo eignina, að bankastjórnarinnar álitni svo gífurlega hátt, að hún gat ekkert tillit tekið til hennar, enda vildi hreppurinn ekki kaupa hana fyrir þriðjung virðingarverðsins, af því henni þótti þriðjungur virðingarverðsins of hátt verð á eigninni.

## 2. dæmi:

Maður nokkur í Reykjavík fjekk land til ræktunar á erfðafestuleigu, talsvert fyrir utan bæinn gegn venjulegu eftirgjaldi.

Voru rjettindi þessi bundin því skilyrði, að eigandinn yrði að hafa ræktað þessa spildu að fullu innan ákveðinnar áratölu. Landið var að stærð tæpir 10 hektarar eða um 31 dagsláttu.

Leigutakinn vill nú fá lán út á þennan blett, lætur bæjarfógeta útnefna virðingarmenn, *aðra en bankinn notaði*, og virtu þeir þennan blett á 14,400 kr.

Bankastjórnin ljét nú menn, sem þektu vel til jarðabóta, meta og leggja í dagsverk það, sem húið var að vinna við blettinn, og reyndist það tæplega 600 kr. virði.

Og þessi blettur, með eigi meiri mannvirkjum, er svo metinn á 14,400 kr. og geta allir sjeð, hvað mikið er á slíkri virðingu að byggja.

Af þessum dæmum má sjá, að grundvöllurinn fyrir fasteignagjaldinu mundi verða harla óábyggilegur *hjer á landi*, þar sem fámennið er, og hver þekkir annan.

Ef slíkur hár fasteignaskattur yrði lagður á fasteignir landsins, verður og að taka til greina að hann mundi rýra *veðgildi* fasteignanna að miklum mun, sem fátæk alþýða hjer á landi má ekki við, því húsbyggingar t. d. eru gerðar alloftast af vanefnum, og þeir sem byggja hús mega helst engan eyri missa til þess frá atvinnurekstri sinum, og verða því að knýja á bankana til þess að lána sem allra mest af húsverðinu. Öllum almenningi er því nauðsynlegt að geta notað fasteignir sínar *sem veðgildi til þess trasta*, og má því ekki við því, *að veðgildið sje rýrt*. En af því leiðir, að þeir skattar eða tollar verða hollari, *eins og hjer á stendur*, sem hvila á gjaldþolstrausti kaupmanna og því ekki rýra að neinu leyti veðgildi fasteigna einstaklinganna.

Það ætti og að vera mönnum ljóst, að ekki væri með öllu hættulaust að leggja háa beina skatta á fasteignir, sem nú eru veðsettar bönkunum, eða veðdeildinni, því eigi hefir verið tekið tillit til þeirra, þegar lánin, sem á þeim hvila, voru veitt. Slíkir skattar mundu því alveg raska tryggingu þeirri, sem sett var fyrir bankavaxtabrjefum veðdeildarinnar, er þau voru sett í umferð. Og það gæti haft þau eftirköst að bankavaxtabrjefin fjellu að mun í verði, og verða óseljanleg á útlendum markaði. Þar af leiðir, að slíkir háir skattar mættu alls ekki leggjast á fasteignirnar fyr en jafnóðum og áhvilandi veðdeildarlán að minsta kosti greiddust að töluverðum hluta, en mörg þeirra eru veitt til 40 ára, svo langt væri þess að biða að lögin mættu koma í framkvæmd.

Þó þessi fasteignaskattaleið, sje ef til vill æskilegri en óbeinir skattar, og að þeir sjeu að ryðja sjer til rúms sumstaðar í öðrum löndum, þá stendur þar alt öðruvísi á en hjer. Í fyrsta lagi eru húsin reist fyrir miklu minna verð erlendis en hjer, sem sýnir sig á því, að húsaleiga t. d. í Reykjavík er nú orðin mun hærri en t. d. í Kaupmannahöfn, og þolir því ekki hækun,

og svo eru eignirnar þar miklu sjaldnar en hjer eign einstakra fátækra manna, heldur þeirra manna eða fjelaga sem efni hafa, eða lánstraust í rikum mæli. Og loksins er áhættuminna að byggja skatta á virðingum á fasteignum erlendis en hjer.

Sú staðhæfing manna, að kaupmenn leggi alment alt að því 100% á tollana, er algjörlega röng, og sönnunin fyrir því liggur opin fyrir hverjum manni, er athuga vill auglýsingar kaupmanna á helstu tollvörunum.

Langhæstur tollur af neysluvörum er á sykri miðað við verðmæti. Hann er 15 aura á kilogr. Þrátt fyrir það seldu kaupmenn kandissykur í Reykjavík í júlí 1914 á 48 aur. kilogr. og hvítasykur í toppum og höggvinn á 46 aur. kilogr. í heilum umbúðum.

Nú var innkaupsverðið á kandissykri um þessar mundir 28 aurar kilogr. Flutningsgjald, ábyrgð og uppskipun fullir 4 aurar á kilogr. Tollurinn 15 aurar. Þetta er samtals 47 aurar. Þar við bætist svo almennur verslunar-kostnaður, vörurýrnun o. s. frv.

Það er því augljóst, að ekki er lagt neitt á tollinn á þessum sykri.

Hvítasykur er venjulega tveimur aurum ódýrari í innkaupi, og því seldur hjer 2 aurum ódýrara kilogr.

Og svona má rekja auglýsingarnar aftur í tímunn frá því gömlu tollarnir komust á og samkepnin í verslun hófst, og gildir þessi regla eins um aðrar tollskyldar vörur með gömlu tollunum.

Orsökinn til þess, að kaupmenn hafa lagt lítið eða ekkert á tollana, stafar bæði af samkepninni, og því, að þeir hafa fengið lengri eða skemmri gjaldfrest á greiðslu tollanna, og lengstan gjaldfrest þar sem verslunin var afskektari frá samgöngum. Þar sem samgöngur voru greiðar, og mestmegnis er verslað fyrir peninga, þar hafa kaupmenn oft verið búnir að selja vöruna áður en þeir þurftu að borga tollinn, því þeir gátu og pantað vöruna smám saman eftir því sem þörfin krafði. Sama er að segja um vörugjaldið. Það er svo lágt á hverjum hlut, að eigi þykir taka því að leggja neitt á það, enda gjaldfrestur hinn sami, sem á öðrum tollum.

Skrifara nefndarinnar er og persónulega kunnugt um, að ein af stærri verslununum hjer í bænum leggur alls ekki neitt á vörutollinn. Þegar hún selur t. d. vörur í heildsölu, þá reiknar hún heildsöluverðið nákvæmlega eins og hún gerði áður en vörutollurinn komst á, og þegar hún veit um þyngd sendingarinnar bætir hún vörutollinum, án álags, neðan á reikninginn. Aðra beina skatta byggða á framtali, telur nefndin varhugaverða af ýmsum ástæðum, sem oflangt yrði hjer upp að telja.

Þegar nú það er kunnugt, að þjóðinni er yfirleitt illa við háa beina skatta, þá virðist ekki vera nein ástæða til þess, að þröngva þeim upp á hana, þegar þá líka engin víska er fyrir að þeir taki óbeinu sköttunum fram, eins og hjer hagar til.

#### »Verðtollurinn«.

Toll þennan hugsa menn sjer að leggja á þannig, að láta hvern þann, sem flytur eitthvað af vörum frá útlöndum, greiða ákveðnar prósentur af

hverjum innkaupareikningi. Eiga innkaupsreikningarnir, ásamt farmskrá, að gilda sem sönnunargögn fyrir því, hvað aðflytst af vörum, og við hvaða verði.

Grundvöllur þessi er mikils til of óábyggilegur, og óhæfilega nærgöngull við verslunarstjettina, sem streitist við að halda verslunarsamböndum sínum og innkaupsverði sínu leyndu. Auk þess veldur þessi tollaálöguleið innheimtumönnum afarmikilli fyrirhöfn, og því tæplega treystandi, að þeir skoði eða láti skoða, alla innkaupareikningana. Og *skoðun* reikninganna er ekki heldur næg, heldur yrðu þeir að *afhendast* tollheimtumanni og fylgja með skilagrein hans fyrir tollinum til hinnar umboðslegu endurskoðunar, eða til landssjóðs. Annars yrði endurskoðunin alveg óábyggileg, og óframkvæmanleg. Vill nefndin svo skýra þetta lítið eitt nánar.

Farmskrá er venjulega svo gerð, að fyrst er sett á hana merki sendingarinnar og stykkjatala, svo viðtakandi geti leitt sig að henni samkvæmt farmskirteini sínu; þar næst nafn þess, er sendir, sem stundum er sá sem selur vöruna, stundum annar, þá nafn viðtakanda, síðan nafn vörunnar t. d. »járnvörur«, »vefnaðarvörur« o. s. frv., og svo loksins þungi sendingarinnar, eða teningsmál. En *verðgildi* vörunnar er ekki nefnt. *Farmskráin veitir því enga sönnun fyrir því.*

Öll sönnunin fyrir verðgildi vörunnar verður því að felast í reikningunum. En þeir eru mjög ljelegt sönnunargagn, ef kaupmaður á annað borð hefir tilhneigingu til að koma sjer hjer hjá tollgreiðslu. Setjum svo, að tveir menn reki verslun í fjelagi, annar sje búsettur á Pýskalandi eða Englandi en hinn í Reykjavík, og að þeir sendi t. d. vefnaðarvörukassa til verslunar sinnar í Reykjavík, sem er 50 kílógr. að þyngd. Kassinn er sendur þeim fjelaganum sem hjer er, ásamt reikningi eða reikningum yfir vöruna í kassanum. Sá fjelaginn sem sendir, getur sent reikning með hinu rjetta verði, og annað með miklu lægra verði, og er sá reikningur svo sýndur tollheimtumanninum, eða afhentur honum.

Þannig getur verslunin skotið sjer undan tollgreiðslu á miklu af tollinum, án þess tollheimtumaður geti neitt um það vitað.

Fjelagarnir geta og skotið sjer undan tollgreiðslu með því, að senda 2 reikninga yfir innihald kassans með *sönnu* verði. Setjum svo, að í þessum kassa sjeu silkivörur tyrir 100 kr. og aðrar vefnaðarvörur fyrir 50 kr., en sem fer mikið meira fyrir. Getur sendandinn þá skrifað sjerstakan reikning yfir silkivörurnar og annan reikning fyrir hinar. En svo er tollheimtumanni að eins afhentur annar reikningurinn t. d. sá lægri, og tollur greiddur af honum. En af hinum reikningnum 100 kr., er þá enginn tollur greiddur.

Tollheimtumaðurinn getur ekkert við þetta ráðið; hann verður að taka gildan reikning sem hann fær í hendur, því verðmæti vörunnar fer ekki eftir þyngd vörunnar á farmskránni og með þeim hætti getur kaupmaðurinn sjer alveg áhættulaust skotið sjer hjá að greiða svo og svo mikið af tollinum sem honum sýnist.

Svona mætti rekja dæmin áfram, en þetta á að vera nægt til að sýna, að þessi tollálöguleið er ekki fær í landi, sem enga tollgæslu hefir.

Ef ætti að nota hana, yrði tollgæslan að vera svo fullkomin, að hver umbúð væri opnuð, og hvert smástykki í hverri umbúð athugað og borið saman við reikningana. Þess utan þyrftu tollgæslumenn að hafa þekkingu á

að meta hvort verðið á reikningum þeim, er sýndir eru, væru *sannvirði* vörunnar, en sú þekking er tæplega til hjer á landi, því til þess þurfa menn að hafa viðtæka vörubekkingu, og að vera kunnugir markaðsástandinu á hinum ýmsu tímum, á öllum vörum, er til landsins flytjast.

Það segir sig sjálf, að slíkt, sæmilega *örugt* toleffirlit hlyti að verða *afardýrt* í svo stóru og strjálbyggðu landi, og aldrei fullkomlega ábyggilegt.

Eitt hið allra skaðlegasta við þetta fyrirkomulag væri það, að það mundi rjúfa hina almennu viðskiftaleynd, sem á að vera heilög fyrir hvern verslandi mann, og sem allar þjóðir viðurkenna, að sje skýlaus eign hvers verslandi manns, svo skýlaus, að því er hegnt sem glæp, að opna annara manna brjef, að koma upp leyndarmálunum sem í því kunna að felast. Og það er ekki betra þó Alþingi heimili það með lögum, því þá er það *rán* á þessum skýlausa rjetti, sem þingið löghelgar, og eru með því opnaðar dyrnar fyrir margvislegri siðspilling.

Svo þykir það mikilsvert í öðrum siðuðum löndum, að kaupmenn geti haldið viðskiftasamböndum sínum leyndum, og innkaupakjörum, að það varðar við lög að ljóstra því upp. T. d. er á Þýskalandi lögð hegning við, ef þjónn segir keppinaut húsbónda síns frá um innkaupalindir hans eða annað, sem húsbóndinn getur beðið skaða af. Og í sömu sökinni er sá, sem tælir þjóninn til þess að segja frá því, sem leynt á að vera.

Tolllaga fyrirkomulag þetta ætti allra sist við á Íslandi og væri sennilega hvergi framkvæmanlegt. En þrátt fyrir það gengur þeim, sem stungið hafa upp á þessu tollfyrirkomulagi, auðvitað ekki nema gott til. Þeir hafa sem sje hugsað sjer, að með því móti gætu þeir náð því, sem aðrar þjóðir ná með öruggri tollgæslu, að *láta tollinn koma sem rjettlátast niður*. Þeir einblina svo á þennan eina kost, sem í rauninni er minna um vert, frá almennu sjónarmiði, að þeir gleyma því, sem mesta áhersluna ber að leggja á.

Og svo taka þeir ekki eftir því, að jafnvel þó hægt væri að fara þessa tolllaga leið, þá *ráða þeir ekki yfir því*, að tollurinn komi svo jafnt niður, eins og þeir ætlast til, heldur *kaupmennirnir*, sem selja vöruna. Þó þeir greiði jafnan toll af öllum vörum, er þeir flytja að t. d. 3%, þá geta þeir hæglega ljett þessum tolli alveg af tilteknum vörum, og lagt hann á aðrar vörur, er þeir versla með. Og þann flutning tollsins af einni vöru á aðra, mundi samkeppnin fljótt skapa.

Þessum *aðaltilgangi* »verðtollsins«, að láta tollinn koma rjettlátlega niður, yrði því alls eigi náð, er til framkvæmdanna kæmi, eins og dæmið af syk-urverðinu hjer að framan sýnir.

### Vörutollurinn.

Nefndin vill þá að lokum minnst á vörutollinn. Hann er lagður á allflestar vörur eftir þunga, lítið á hverja en langmest á vefnaðarvörur og glysvarning miðað við þunga.

Þessi leið er gagnstæð hinni gömlu tollálöguleið, að leggja háan toll á fáar vöregreinir að enskum sið, svo sem kaffi, sykur og tóbak. Þessir gömlu háu tollar greiddust undanbragða lítið, á meðan verslunarsambandið var ná-

lega eingöngu við Kaupmannahöfn, sem hafði sterkar gætur á hvað fluttist til Íslands. En sú breyting er nú á orðin, að menn af ýmsum þjóðflokkum versla hjer, og þykir sumum hverjum af þeim jafnvel frami í því, að skjóta sjer undan tollgreiðslu í landssjóð. Þeir eiga og mun hægara með það en áður, þar sem vörurnar eru nú að minna leytinu keyptar í Danmörku, heldur í öðrum löndum.

Það er líka reynsla fyrir því, að allmikið hefir borið á undandrætti af tóbaks- og vindlatolli t. d. í Reykjavík. Það hefðu því verið vandfundnar vörugreinar, aðrar en *kornvörur*, sem hægt væri að leggja á háan toll, sem áreiðanlega kæmi svikalaust í landssjóð, þrátt fyrir eftirlitsleysið.

En kornvörutollur mundi hafa komið mjög órjettlátlega niður, ef verulega um hann munaði, því þá vöru verða fátæklingar að kaupa í álíka mæli og sá ríki. Og þó útflutningstollur vor sje allra tolla bestur, — ef hann er lagður rjettlátlega á alla þjóðina, en ekki einstaka stjett, eins og nú er gert — þar sem lítið er fyrir honum haft, og að hann kemur undandráttaurlaust í landssjóð, þrátt fyrir tollgæsluleysið, þá þótti ekki tiltækilegt að leggja það til, að lagður yrði svo hár nýr útflutningstollur á innlendar afurðir, sem vinfangatollinum næmi, en í stað hans kom vörutollurinn. Það var líka um þær mundir, er vörutollslögin komust á, búið að hrópa svo mikið um órjettlæti útflutningstollsins, að engin þjóð legði slíkan toll á nema vjer, það væri eitt skrælingja markið á oss o. s. frv.

Þó engin af þessum ummælum væri á neinum rökum byggð, voru þau þó nóg til þess, að vekja óhug manna á almennum útflutningstolli, þegar enginn andmælti.

Þeim heiður, sem innleiddu þessa útflutningstollshugmynd, því þeir hafa þó skilið, að eigi var nóg að semja tolllög og leggja tollinn á, í *tollgæslu- lausu landi*, heldur þyrfti líka að tryggja það, að tollurinn kæmi undandráttaurlaust í landssjóð.

Það á að vera öllum ljóst, að í tollmálum getum vjer eigi farið eins að og aðrar þjóðir, sem hafa öflugan tollgæslu. Þess vegna þurfti að finna álíka örugga leið til þess að ná skilvíslega tolli af útlendum vörum, eins og vjer nú náum af útfluttum vörum. Og leiðin gat ekki verið nema ein, *að leggja toll á aðfluttu vörurnar eftir þunga, með umbúðum*, en skifta þeim í nokkra flokka, með mismunandi tollálagi, svo tollurinn kæmi nokkurn veginn rjettlátlega niður á pappírnum að minsta kosti.

Með því eina móti var hægt að ná tollinum án verulegs undandráttaurlaust í landssjóð, *án sjerstakrar tollgæslu*, og án of mikilla erfiðismuna fyrir tollheimtumenn.

Þess vegna urðu lögin um vörutoll að lögum 1912.

Grundvöllurinn undir vörutollslögunum er þetta:

1. *að leggja toll á hverja vöru eftir þunga (eða teningsmáli) með umbúðum.*
2. *að leggja tollinn á vöruna eins og hún er nefnd á farmskrá (Manifest) skipsins, er flytur vöruna að, svo innheimtumenn þurfi enga vöru að rannsaka.*
3. *að vörutegundirnar eru greindar í flokka eftir verðmæti, með mismunandi tollgjaldi á hverjum vöruflokki, svo gjaldið leggist sem jafnast á verðmætið.*

Þó er tiltölulega lagt lang minst gjald á kornvörur.

Á nokkrar vörutegundir er ekkert gjald lagt.

4. að hafa tollgjaldsmuninn á milli flokka svo lítinn, að eigi borgi sig að búa um vöru, sem þyngri tollur er á, með vörum sem lægri tollur er á lagður.
5. að skifta vörunum þannig í flokka, að óhægt sje að hafa vörur eins flokks í samskonar umbúðum og vörur einhvers annars flokks.

Alls þessa mun hafa verið gætt eftir föngum, er frumvarpið til þessara laga var samið, og er því auðsætt, að fullkønna verslunarþekkingu þarf til þess að semja slik lög, ef vel á að fara, og að það er ekki meðfæri þings eða þingnefndar, sem hafa mjög takmarkaðan tíma og takmarkaða þekkingu á þeim málum, að grauta í slikum lögum.

Ef þeim grundvelli, er nú var getið, er ekki raskað, þá má með vörutollslögunum ná því takmarki, er hjer að framan greinir:

að tollurinn komi áreiðanlega í landssjóð eins og lögin ællast til, og að tollsvik sjeu hjer um bil alveg fyrirbyggð.

að tryggingin fyrir því kemur alveg af sjálfu sjer,

að innheimta tollsins er ekki fyrirhafnarmikil nje kostnaðarsöm og

að tollurinn getur komið rjettlátlega niður.

Álag tollsins og innheimta, er byggð á *farmskrá* hvers skips. Það er nákvæm skrá yfir allan farminn með merkjum, nöfnum og þunga varanna o. s. frv., og er sú skrá um allan heim talin nægilega trygg sönnun fyrir vörumagninu, sem sent er með skipum, einkum ef sú skrá er vottuð af viðkomandi yfirvaldinu eða konsúl á fermingarstaðnum, en svo er áskilið í vörutollslögunum, að farmskráin sje staðfest á þann hátt. Hinsvegar felst tryggingin fyrir því, að vörur sjeu settar á farmskrána með sínum rjettu nöfnum, meðal annars á því, að svo litill munur er á vörugjaldinu á vöruflokkunum, þeim vörum, sem hægt er að búa um í sömu umbúðum, að það getur aldrei borgað sig, að koma sjer undan tollgreiðslu með því að skifta um umbúðir.

Hver þjóð, sem flytur vörur til annara landa, telur sjer skylt að sjá um, að farmskráin sje sem rjettust, og að hjálpa tollgæslu móttökulandsins til þess, að heimta rjettilega toll af vörunum. Það greiðir svo mikið fyrir viðskiftum landanna. Auk þess eru ýmsar aðrar ástæður, sem tryggja það, að farmskráin sje rjett, svo sem, að eftir henni er flutningsgjaldið reiknað, sem ter eftir tegund vörunnar og þunga, eða teningsmáli, hagfræðisskýrslur landsins er sendir, styðjast við farmskrána. Tolllögin heimta það og, að farmskráin sje rjett, þar sem tollur er endurgoldinn af útfluttum vörum. Ábyrgðarfjelögin þurfa þess og við o. s. frv.

Farmskrá með skipum yfir allan farminn er fara til Íslands er tvirituð. Heldur skipstjóri öðru samritinu, hitt er sent frá fyrstu höfn hjer, er skipið hafnar sig á, beint til Stjórnarráðsins. Þriðja eintakið, sem skipinu fylgir, eru *útdrættir* úr aðal farmskránni yfir vörur þær, sem fara eiga á hinar einstöku hafnir, og eru þessir útdrættir afhentir tollheimtumönnum á hverri höfn, sem svo eiga að fylgja tollreikningunum frá hverjum sýslumanni.

Og þar sem Stjórnarráðið fær farmskrá yfir *allan farm*, hvers skips beina leið, getur það rannsakað hvort tollheimtumennirnir skila öllum útdráttunum úr farmskránni, og öllum tollinum.



Með þessu móti er fengin sterk trygging fyrir því, að allur vörutollurinn komi skilvíslega í landssjóð, án sjerstakrar tollgæslu, og engin likindi til að tryggingin væri betri, þó sett væri hjer á stofn afardýr tollgæsla, eins og gerist í öðrum löndum. En öll aðal tryggingin fyrir því að vörutollurinn komi skilvíslega í landssjóð, án sjerstakrar tollgæslu felst í því, að vörotegundunum sje skipað í flokka af þekkingu og að sem minstur munur sje gerdur á vörutollinum á þeim vöruflokkum eða vörum, sem fyrirhafnarlítið er að setja í aðrar umbúðir en venja er til, eða að búa um þær með öðrum vörum.

Af þessu sem að framan er sagt, er augljóst, að ekkert tollfyrirkomulag, sem enn er þekt hjer á landi, er jafn ábyggilegt og kostnaðarlítið í sam-anburði við trygginguna, sem það veitir fyrir því, að tollarnir komi skilvíslega í landssjóð, eins og útflutningstollur og vörutollur.

Samkvæmt því sem að framan er sagt um verðtoll, leggur nefndin til að frumvarpið um verðtoll verði felt.

Neðri deild Alþingis 30. júlí 1915.

Björn Kristjánsson,  
skrifari og framsögum.

Samþykkir niðurstöðunni, en ósamþykkir ýmsum atriðum í nefndaralítinu.

Einar Jónsson,  
formaður.

Sigurður Gunnarsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Björn Hallsson.

Með skírskotun til sjerstaks álits.

Matth. Ólafsson.